

**Cecil Haraldsson, Garðastræti 36, 101 Reykjavík.**  
sími: 552 9105

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/281*

*komudagur 4/12 1995*

Reykjavík, 30. nóvember 1995.

Allsherjarnefnd Alþingis  
b/t Kristjönu Benediktsdóttur,  
Þórshamri við Templarasund.

Varðar frumvarp til laga um mannanöfn, 73. mál, heildarlög.

Undirritaður þakkar hér með fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Umsögn sú, sem hér fylgir er í eigin nafni, en ekki Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, enda er söfnuðurinn stór og aldurs- og líklega skoðanadreifing hans nærri því, sem er meðal þjóðarinnar í heild.

Virðingarfyllst,



Cecil Haraldsson  
safnaðarprestur  
Fríkirkjunnar í  
í Reykjavík.

P.s. Það má svo sem kallast smámunasemi, en mér þætti vænt um, að rithætti nafna minna (bæði eigin- og kenninafns) væri breytt í tölvu Alþingis til þess, sem ég rita þau og skráð er í Þjóðskrá.

## Inngangur

Á fyrstu árum prestsstarfa minna við Friðkirkjuna í Reykjavík, gerðist það af og til, að fólk hringdi og spurði um afstöðu mína til ýmissa nafna, sem það vildi gefa börnum sínum. Sumir tóku fram, að þessi eða hinn “þröngsýnispresturinn” hefði neitað nafninu. Flest voru þessi nöfn hin furðulegustu og í mörgum símtölum aftók ég með öllu að nefna þau við skírn. Þá brást ekki að ég fengi að heyra það “hvern fj... ég vildi upp á dekk”, maður með óskiljanlegt útlenskunafn.

Nafnalögin 1991 voru mér því kærkomin. Þá loksins var reynt að koma böndum á skipulögð lögprot, sem voru orðin svo almenn, að flestir voru hættil að kippa sér upp við þau.

Ekki síður var mannanafnaskráin góð handbók.

Ég hef frá upphafi lagt áherslu á það í samtölum um mannanöfn, að nafn, sem ekki er á skránni sé ekki bannað, en það hafi ekki verið leyft og hef ég reynt að leiðbeina fólki um það, hvernig eigi að bera sig að við að fá nafn tekið á mannanafnaskrá.

Það er varla tiltökumál, þótt eitthvað fari úrskedis í byrjun, þegar reynt er að koma reglu á hlutina, og víst er um það, að í sumu hefur hörð afstaða Mannanafnanefndar í upphafi vakið andstöðu þeirra, sem vildu komast á skjön við lögin. Að einhverju leyti hefur þessi harða afstaða verið yfirdrifið. En núverandi nefnd hefur myndað sér starfsreglur, sem virðast að mestu góðar.

Því kemur mér verulega á óvart, að fram skuli komið nýtt svo yfirgripsmikið frumvarp til laga um mannanöfn.

Sjálfsgagt má finna einhver atriði í mannanafnalögunum frá 1991, sem ástæða er til að lagfæra, en það réttlætir ekki þá róttæku breytingu, sem hér er gerð tillaga um og þau verulegu frávík frá íslenski nafnahefð, sem hún hefur í för með sér.

Þau atriði frumvarpsins, sem ég vil fyrst og fremst gera athugasemdir við eru:

- sú víðfema innrás afbakana og framandi nafna í íslenska nafnaflóru, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
- að millinöfn verði leyfð.
- notkun ættarnafna.
- jafnræðisregla er ekki í heiðri höfð og þyrfti að endurskoða allt frumvarpið með tilliti til hennar.

## Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins

### 3. gr.

Niðurfelling ákvæðis tengdu skemmri skírn er eðlileg í ljósi reynslunnar.

### 5. gr.

Þessa grein ætti að fella niður að mestu. Þess í stað ætti að koma 2. gr. núverandi laga með viðbót svohljóðandi: Eiginnafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls.

Þessi grein greiðir leið fyrir víðfema innrás ónefna í íslenskar nafngiftir. Lestur athugasemda frv. með greininni ætti að opna augu manna fyrir þessu. Greinin gefur auk þess eftir fyrir þeim slappleika að afbakani (s.k. gælunöfn) verði teknar upp sem eiginnöfn. Væri nær að herða þar tókin, en að gefast alveg upp.

Fari svo að greinin komist áfram ætti að minnsta kosti að fella brott orðin: “... nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.” Þar með yrði þó komið í veg fyrir að bókstafir eins og “z” (, sem felld hefur verið úr íslensku stafrófi með lögum) og “c” nái hér almennri fótfestu. Sama er að segja um “je”, sem virðist vera að birtast aftur á grundvelli “hefðar”.

## III. kafli

Best væri að þessi kafli yrði felldur niður í heild sinni og breyting verði á 1. gr. og síðar í frv. í samræmi við það.

Um ástæður nefndarinnar fyrir því að taka hann upp er þetta að segja:

Það er vafamál hið mesta að það sé eftirsóknarvert markmið að auka verulega fjálsræði um nafngiftir á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir.

Allmikil ásókn er vart ein og sér réttlæt看leg ástæða fyrir uppgjöf. Auk þess má um það deila, hvað skuli kallast “allmikil ásókn”. Á tímabilinu 1. nóv. 1991 til 1. sept. 1994 mun Mannanafnanefnd hafa afgreitt u.þ.b. 630 erindi. Á sama tímabili fengu u.þ.b. 12500 börn nafn/nöfn á Íslandi. Að kalla 0,72 % “almenna ásókn” (90 af 12500) er rausnarlegt, jafnvel einnig 14,3 % (90 af 630).

Millinöfn eru sennilega í mörgum tilfellum til orðin sem seinni eiginnöfn ófeðraðra barna og hafa hjá þeim orðið að eins konar kenninöfnum síðar á lífsleiðinni.

Millinöfn eru og verða ekki annað en ígildi ættarnafna.

Þótt Hagstofa Íslands fylgi skráningu nafna fast eftir nú, er það engin trygging fyrir því, að það takist áfram, þegar sá slappleiki í nafngiftum, sem frumvarpið opnar fyrir, verður almennur síður.

Líklega er almenningur hvergi jafn meðvitaður um uppruna sinn og á Íslandi og hefur það orðið þótt milli- og ættarnöfn skorti að mestu. Það er enda grunnhyggni að ætla að millinöfn auki samkennd fjölskyldna. Samkennd er sjaldnast tengd nafni, en oftast tilfinningum til einstaklinga, hvað sem þeir heita.

Fari svo að III. kafla fari í gegn, væri þó skömminni til skárra að takmarka greinarnar þannig að einungis þeir, sem nú bera ættarnöfn í þjóðskrá megi breyta þeim í millinöfn, en ekki sé opnað fyrir ný millinöfn eða að þeir, sem hvorki bera nú millinöfn eða ættarnöfn geti tekið upp millinöfn.

#### Um IV. kafla

Mannanafnalögin frá 1925 liðu fyrir það, að enginn formlegur eftirlitsaðili var með framkvæmd þeirra. Þegar þjóðskrá komst á laggirnar 1952, voru íbúar landsins, í flestum tilvikum, skráðir í hana á þann hátt, sem þeir gáfu upp við manntal, eða einhver fyrir þeirra hönd og reyndist ekki unnt að koma almennilegum böndum á þá ringulreið, sem þá var komin á.

Þessum kafla virðist ætlað að lögfesta ringulreiðina endanlega.

#### 8. gr.

Hér verða lagðar til tvær breytingar á þessari grein.

(2. mgr.) ..... Heimilt er þó að ófeðrað barn sé kennt til afa síns *eða ömmu beri móðir þess nafn hennar*. .....

Án þessarrar breytingar stenst málsgreinin ekki jafnræðisreglu.

Á Íslandi eru konur, sem kenna sig við móður sína. Þessar konur geta ekki síður en aðrar eignast börn, sem þær ekki vilja fedra. Börn þeirra eiga því ekki annan afa að en þann, sem móðirin hefur hafnað einhvern tímann áður, eða jafnvel engan og engin ástæða til að neyða hana til að taka nafn hans í sátt aftur finnist henni eigið nafn óheppilegt til myndunar kenninafns.

(5. mgr.) Maður, sem samkvæmt þjóðskrá ber ættarnöfn ..... . Sama gildir um *börn hans eigi hann við gildistöku laganna barn/börn, sem bera ættarnöfn hans*.

Upphaf athugasemda frv. við IV. kafla (mgr. 1 og 2) er hinn ágætasti stuðningur við nafnahefð Íslendinga. Í athugasemdunum er því þar að auki lýst, hve hröð sókn ættarnafna er hér á landi svo “Íslenska kenninafnasiðnum stendur af henni veruleg ógn”. Samt gerir frv. ráð fyrir nær óheftri notkun ættarnafna, þótt það myndi “leiða til þess að íslenski kenninafnasiðurinn liði brátt undir lok og er því alls ófýsilegur kostur”.

Uppgjöfin er algjör.

(Fyrir um 120 árum stóðu Svíar í svipuðum sporum og Íslendingar nú. Kenninöfn af nafni föður hurfu með einum ættlið)

Æskilegasta leiðin úr þessum ógöngum er að banna ættarnöfn með öllu.

Í athugasemdunum er sú leið talin ófær, en svo ætti ekki að vera, sé rétt á haldið. Hugsanleg málsmeðferð er að banna þeim, sem ekki bera ættarnöfn nú, að taka þau upp. Niðjum þeirra manna, sem nú bera ættarnöfn, yrði einnig óheimil notkun þeirra með þeirri einu undantekningu að alsystkyn öll megi bera sama kenninafn. Slíkar afdráttarlausar reglur ættu að geta tryggt að Hagstofu Íslands verði áfram fært að fylgja lögum fast eftir.

Mér er sagt af lögfróðum mönnum, að hæpið sé, að slíkt bann við notkun ættarnafna standist kærur fyrir Mannréttindadómstólnum. Má svo vera, en látum á það reyna og höldum af fullri einurð fram rétti Íslendinga til að vernda málfarsleg og þjóðleg einkenni sín.

Næsta varnarlína væri að láta ofan nefndar reglur ekki gilda fyrir þá, sem bera ættarnöfn, sem til voru við gildistöku laganna 1925.

Þriðja varnarlínan er að banna þeim, sem ekki bera ættarnafn nú að taka þau upp. Einnig að börn geti aðeins fengið ættarnafn, sem borið er af foreldri nú.

Mér er sagt að núna sé þó nokkur ásókn í ættarnöfn og sé seilst víða í hliðargreinar ætta til leitar. Slík uppvakning drauga er hugsanlega til þess fallin að “auka samkennd fjölskyldna og vitund um uppruna sinn”, en ekki er örgrannt um að slík “samkennd” geti verið öðrum á móti skapi.

#### 9. gr.

Á þessari grein ætti að gera þá breytingu að einstaklingur, sem tekið hefur ættarnafn maka, verði að leggja það niður við giftingu að nýju, nema sérstakir hagsmunir séu af að halda nafninu og leyfi ráðherra komi til.

Fari svo, að þessar greinar ( 8. og 9.) nái fram að ganga eins og þær eru í frumvarpinu, ætti þó að huga að því, hvort ekki eigi að takmarka rétt barna til að taka ættarnafn, sem foreldri hefur fengið fyrir fæðingu barnsins/barnanna við hjúskap með aðila óskyldum börnunum.

### Um V. kafla

#### 11. gr.

Verði það að ráði að leyfa nær óhefta notkun ættarnafna, þá ætti á grundvelli jafnræðisreglu að taka tillit til ákveðins lítills hóps, sem lent hefur og lenda mun áfram “niður á milli”.

Það eru börn einstaklinga, sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt, án þess að hafa þurft að breyta nafni sínu og án þess að hafa þurft að taka sér nýtt eigin nafn vegna þess að þeir báru þá þegar nafn, sem eins gat verið íslenskt. Börn þeirra hafa þurft að taka sér það nafn sem kenninafn og hvergi virðist í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að þau megi breyta til ættarnafns.

(Dæmi: Norðurlandabúi, Gunnar Thistrup, fékk að halda nafni sínu óbreyttu, en börn hans fædd eftir að hann fékk ríkisborgararétt eru Gunnarsbörn. Hvergi virðist gert ráð fyrir því, að sú grein laga um ríkisborgararétt föðursins (venjulega 2. gr.), sem kveður á um að börn hans skulu hafa Gunnars- að kenninafni, sé felld úr gildi.

### Um VI. kafla

Um nafnbreytingar ættu að gilda eftirfarandi grundvallarreglur:

1. Við nafnbreytingu skuli ávallt haldið eftir a.m.k. einu af fyrri eiginnöfnum. Frá þessu mætti gera þá undantekningu, að ráðherra geti að fenginni umsókn beitt “amareglunni”, sé um að ræða nöfn, sem ekki eru á mannanafnaskrá.

2. Breyting á kenninafni barns fari ekki fram nema með samþykki þess kynforeldris, sem ekki fer með forsjá barnsins, hafi viðkomandi einhvern tíma haft forsjá barnsins.

Þegar barn fær nafn/nöfn má líta svo á að þar sé um e.k. samning að ræða milli þeirra, sem fara með forræði barnsins. Það getur varla verið rétt að annar hvor aðilinn geti rift þeim samningi að hluta, þ.e.a.s. hvað varðar kenninafn.

Rétt er í þessu sambandi að benda á 13. gr. frv., 2. mgr, sem gerir ráð fyrir þessu í sambandi við eiginöfn (og millinöfn), en í 14. gr. frv. er eingöngu gert ráð fyrir að leitað sé samþykkis “kynforeldris, sem ekki fer með forsjá barnsins” eigi að kenna barn til stjúpföður, en ekki í öðrum tilvikum.

Þarna virðist jafnræðisreglan ekki hafa fengið að njóta sín einu sinni enn.

Það þarf að laga 13. og 14. gr. frv. að þessum reglum eða samsvarandi greinar núverandi laga verði þau áfram í gildi.

Þessar meginreglur eru til þess að auðvelda fólki "vitund um uppruna sinn". Fyrri reglan nærði einnig til barna, sem ættleidd eru erlendis frá og fengið hafa nafn í heimalandinu. Því nafni (einu þeirra, ef mörg eru) verði a.m.k. haldið, sbr. 10. gr. frv., þótt bætt sé við nafni/nöfnum, sbr. 11. gr. frv., þó með tilliti til heimildar ráðherra skv. "amareglunni".

Síðari reglan er jafnvel enn sjálfsagðari til "vitundar um uppruna". Því miður er það svo að breyting á eftirnöfnum barna er oft tengd skilnaði hjóna, títt notað vopn í hjúskaparillindum og baráttutæki í forsjardeilum.

## **Um VIII. kafla**

### **21. gr.**

Ég teldi rétt að í mannanafnanefnd eigi sæti einn fulltrúi þeirra, sem mest þurfa í störfum sínum að fjalla um mannanöfn. Það mætti því gjarnan athuga, hvort ekki sé rétt að starfandi prestur eigi sæti í nefndinni t.d. í stað annars fulltrúa heimspekideildar Háskólans.